



Til:
Efni:
Upplýsingar:

gunnlaugur@hornafjordur.is
Tillaga að aðalskipulagsbreytingu og deiliskipulagi Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi
Sent: 15-10-2019 10:54:33 af Trausti Baldursson, Málsnúmer: 2019080026, Bréfalyklar: 42-0
almennt

Tilvísun í mál: 2019080026

Vísað er til bréfs frá Hornafjarðarbæ, dags. 26. ágúst sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögur að breytingu á Aðalskipulagi Hornafjarðar 2012-2030 og tillögu að deiliskipulagi vegna Jökulsárlóns á Breiðamerkursandi.

Náttúrufræðistofnun hefur farið yfir framangreindar tillögur að breytingum á skipulagi. Stofnunin gerir ekki athugasemd við tillögur að breytingum á aðalskipulagi Hornafjarðar.

Hvað varðar deiliskipulag fyrir Jökulsárlón þá er tvennt sem skoða má betur að mati Náttúrufræðistofnunar. Í greinargerð með deiliskipulaginu í kafla 4.1.1 er fjallað um uppgræðslu og frágang m.a. mana og þar segir: „Leitast skal við að flýta fyrir uppgræðslu mananna með þeim gróðri sem tilheyrir aðstæðunum og nota til þess svarðlag sem skafið er af yfirborði svæðanna sem raska á, í upphafi framkvæmda.“ Náttúrufræðistofnun tekur undir þetta fyrirkomulag. Hins vegar má í deiliskipulaginu koma skýrt fram að bannað sé að nota aðrar tegundir en þær sem eru fyrir á svæðinu. Orðalagið að „...leitast skuli við ...“ er veikt og einhver gæti rétt eins túlkað það þannig að nota megi aðrar tegundir sem að mati viðkomandi tilheyrir aðstæðum á svæðinu. Það þarf því að vera skýrt að notkun tegunda plantna sem ekki tilheyra svæðinu sé óheimill. Um er að ræða viðkvæmt „jökullandslag“ sem ber að vernda.

Í deiliskipulaginu er fjallað um varplendi skúma og kríu, bls. 16 og 17, og tekið fram að þau séu utan framkvæmdasvæðis og áhrif talin óveruleg. Svo virðist þó af myndum að varpsvæðin séu rétt við framkvæmdasvæði, kort bls. 17. Ekki er fjallað sérstaklega um mótvægisaðgerðir s.s. tímasetningar framkvæmda eða að umferð sé stýrt frá helst varpsvæðum t.d. með skipulagi göngustíga. Báðar tegundir eru á valista og skúmurinn í sérstökum vanda. Báðar tegundirnar geta og færa sig að jafnaði eitthvað til en á það er ekki að treysta, sérstaklega í slæmu árferði eins og nú virðist vera fyrir skúm og kríu.

Aðalvarpland skúms hér á landi var á Breiðamerkursandi. Kríuvarpið við Jökulsárlón hefur einnig verið þekkt um langa hríð og þar hafa stundum orpið þúsundir para. Það er erfitt að fullyrða um þanþol skúmsspara á varptíma vegna framkvæmda í grennd við óðal. En vel þekkt er að sum pör venjast umferð og eru mjög spök en önnur bregðast við áreiti í mörg hundruð metra fjarlægð frá hreiðri. Yfirleitt má gera ráð fyrir að nokkur hundruð metra belti þar sem truflun hefur sýnileg áhrif. E.t.v. mætti nefna töluna 200-300 m sem algenga viðbragðsfjarlægð. Það er mikilvægt að gæta fyllstu varúðar og að framkvæmdir séu að mestu utan varptíma.

Virðingarfyllt,

Trausti Baldursson
Náttúrufræðistofnun Íslands
Icelandic Institute of Natural History
Urriðaholtsstræti 6-8
210 Garðabær
Sími/Tele: 590 0500
Email: trausti@ni.is

